




Reykjavík, 10. mars 2026
USK25110074

Nauthólsvegur 62 – Fyrirspurn til skipulagsfulltrúa

Lögð fram fyrirspurn Plúsarkitekta ehf., dags. 5. nóvember 2025, ásamt greinargerð Plúsarkitekta, dags. 5. nóvember 2025, um að reisa flugskýli með aðstöðu á lóð nr. 62 við Nauthólsveg. Einnig er lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa, dags. 10. mars 2026.



Aðalskipulag Reykjavíkur 2040



Deiliskipulag



Loftmynd

Skipulag í gildi

Aðalskipulag: Í gildi er Aðalskipulag Reykjavíkur 2040, samþykkt í borgarstjórn Reykjavíkur þann 19. október 2021 og birt í B-deild stjórnartíðinda þann 18. janúar 2022. Skv. aðalskipulaginu er Nauthólsvegur 62 innan borgarhluta 2 Miðborgar og er á mörkum skilgreindra íbúðar- og miðsvæða í Vatnsmýri. Í aðalskipulagi er gert ráð fyrir að flugvallarstarfsemi í Vatnsmýri verði lögð af á skipulagstímabilinu en mögulegt verði að reka flugstarfsemi á flugvellinum til 2032.

Deiliskipulag/ Hverfissskipulag: Í gildi er deiliskipulag fyrir Reykjavíkurflugvöll, samþykkt í borgarráði 28. apríl 2016, ásamt síðari breytingum.

Umsögn

Óskað er eftir afstöðu skipulagsfulltrúa á byggingu nýs flugskýlis og skrifstofu- og kennsluáðstöðu við Nauthólsveg 62. Í fyrirspurn kemur fram að verið sé að vinna hagkvæmnimat á mögulegri uppbyggingu 1000 m² flugskýlis með samtengdri 960 m² skrifstofu- og kennslubyggingu á tveimur hæðum.

Í gildandi deiliskipulagi fyrir Reykjavíkurflugvöll frá 2016 eru skilgreindir reitir umhverfis byggingar og flughlöð. Ekki er um eiginlegar lóðir að ræða en farin sú leið í deiliskipulaginu að skilgreina nýtingarhlutfall á hliðstæðan hátt og á lóðum. Reiturinn umhverfis Nauthólsveg 62 er 8.416 m² að stærð og heimilað nýtingarhlutfall er 0,3. Skv. skipulagsuppdrætti er heimilað niðurrif eldri bygginga á reitnum (þ.e. flugskýlis 7) og hefur hluti þess þegar verið rifinn. Í skilmálatöflu kemur fram að heimil sé nýbygging 1.800 m² flugskýlis á einni hæð innan afmarkaðs byggingarreits. Í almennum skilmálum deiliskipulagsins kemur einnig fram að allar byggingar á svæðinu séu háðar tímamörkum um flugvallarstarfsemi í Vatnsmýri og að nýjar byggingar skuli því vera tímabundnar og hannaðar þannig að auðvelt sé að fjarlægja þær.

Sé tekið mið af ofangreindum heimildum í deiliskipulagi Reykjavíkurflugvallar er ljóst að eingöngu er gert ráð fyrir byggingu flugskýlis á einni hæð innan reitsins við



Nauthólsveg 62. Skrifstofu- og kennslubygging á tveimur hæðum samræmist því ekki gildandi skipulagi.

Einnig er bent á að Nauthólsvegur 62 er ekki til í fasteignaskrá og ekki er til lóðarleigusamningur eða samþykkt lóðarblað fyrir reitinn.

Niðurstaða

- Neikvætt er tekið í fyrirspurnina.
- Heimilt er að er að byggja flugskýli á einni hæð innan reits Nauthólsvegar 62 en ekki er heimild í skipulagi fyrir skrifstofu- og kennslubyggingu á tveimur hæðum.

Vakin er athygli á að fyrirspurn um afstöðu skipulagsfulltrúa til erindis byggir á innsendum gögnum og verður ekki lögð að jöfnu við formlega umsókn og svar í slíku tilfelli getur eðli máls samkvæmt ekki talist stjórnvaldsákvörðun. Afgreiðsla skipulagsfulltrúa á fyrirspurnum felur því ekki í sér lokaákvörðun og veitir ekki heimild til framkvæmda.

f.h. skipulagsfulltrúa Reykjavíkur

Ólafur Ingibergsson
verkefnastjóri



Reykjavík